

### 3. bekkur

#### Námshæfni – viðmið um hæfni innan námssviðs

Nám í grunnskóla skal hafa sem mest gæði og þess vegna byggir grunnskólastarfið á viðmiðum um hæfni sem grundvöll gæðanna. Þau nefnast námshæfni þegar gæðin tengjast átta námssviðum aðalnámsskrár (og öllum námsgreinum innan hvers námssviðs). Aðalnámsskrá skilgreinir námshæfni fyrir 4., 7. og 10. bekk en fyrir aðra árganga skilgreina skólar/kennarar viðmið um námshæfni í einstaka námssviðum. Í einhverjum tilvikum er valið að hæfniviðmið sé sér fyrir hverja námsgrein frekar en fyrir viðkomandi námssviðið í heild sinni sem er þá ákvörðun viðkomandi skóla.

Þ = Þekking

L = Leikni

V = Viðhorf

## Íslenska

#### Viðmið um námshæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

<b>Efnispættir:</b>	<b>Viðmið um námshæfni í íslensku</b>	<b>Þ</b>	<b>L</b>	<b>V</b>
<i>Talað mál, Hlustun og áhorf</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <p>Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.</p> <p>Tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.</p> <p>Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.</p> <p>Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.</p> <p>Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi</p>	x	x	
		x	x	x
			x	x
		x	x	x
<i>Lestur og bókmenntir</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <p>Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.</p> <p>Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi</p> <p>Tengt þekkingu og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.</p> <p>Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.</p> <p>Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.</p> <p>Beitt hugtökum eins og persónu og söguþræði.</p> <p>Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði og vísu.</p> <p>Aflað sér upplýsinga úr ýmsum bókum.</p> <p>Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum og kortum.</p> <p>Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.</p>	x	x	
		x	x	
		x	x	
		x	x	x
		x	x	
		x	x	x
		x	x	
		x	x	x

<i>Ritun</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i>  Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi. Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð Beitt einföldum stafsetningarreglum. Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka. Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.	x	x	
		x	x	
		x	x	x
		x	x	
		x	x	
		x	x	
			x	x
<i>Málfræði</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i>  Beitt töluðu máli og rituðu og ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska. Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins og geti fundið kyn og tölu. Búið til málsgreinar og gert sér grein fyrir uppbyggingu og orðaröð. Gert sér grein fyrir nafnorðum í texta. Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum í texta. Þekki lýsingarorð og sagnorð í texta. Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki. Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.	x	x	
		x	x	
		x	x	x
		x	x	
		x	x	
		x	x	
		x	x	x
		x		x

## Stærðfræði

### Viðmið um námshæfni í stærðfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok 3. bekkjar (lokamat):

<b>Efnispættir:</b>	<b>Viðmið um námshæfni í stærðfræði</b>	<b>P</b>	<b>L</b>	<b>V</b>
<i>Að geta spurt og svarað með stærðfræði</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> • tekið þátt einföldum í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði • leyst einfaldar stærðfræðiprautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir • sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi, • rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin	x	x	
		x	x	
		x	x	x
		x	x	x

	reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleyðum og fylgt röksemdafærslu annarra.			
<i>Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra,</li> <li>• túlkað og notað einföld stærðfræðitákn (+, -, •, :), þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál,</li> <li>• tekið þátt í einföldum samræðum um stærðfræðileg verkefni,</li> <li>• notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</li> </ul>	X	X	X
<i>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar,</li> <li>• kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera einfaldar tilraunir með áþreifanlegum gögnum,</li> <li>• lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð,</li> <li>• undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði,</li> <li>• unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda,</li> <li>• notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga,</li> <li>• borið skynbragð á hvaða möguleikar og takmörk stærðfræðinnar eru til að lýsa veruleikanum.</li> </ul>	X	X	X
<i>Tölur og reikningur</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað náttúrlegar tölur (talnasvið 1-1000), raðað þeim og borið saman,</li> <li>• notað tugakerfisríthátt (P, H, T, E)</li> <li>• reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt,</li> <li>• tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi,</li> <li>• leyst einföld viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum,</li> <li>• gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.</li> </ul>	X	X	X
<i>Algebra</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs.</li> <li>• notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi</li> <li>• fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar</li> </ul>	X	X	X

<i>Rúmfræði og mælingar</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað hugtök úr rúmfræði,</li> <li>• gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu,</li> <li>• unnið með mælikvarða og lögun,</li> <li>• áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, tíma, þyngd og flöt með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða,</li> <li>• rannsakað og gert einfaldar tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn,</li> <li>• speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn,</li> <li>• borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.</li> </ul>	X	X	
		X	X	
		X	X	
		X	X	
		X	X	X
		X	X	
		X	X	
<i>Tölfræði og líkindi</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið,</li> <li>• talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit,</li> <li>• tekið þátt í einföldum umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra,</li> <li>• tekið þátt í einföldum umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð,</li> <li>• gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð ááhrif þeirra í spilum.</li> </ul>	X		
		X	X	X
		X	X	X
		X	X	X
		X		

## Erlend tungumál

### Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

<b>Efnispættir:</b>	<b>Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum</b>	<b>P</b>	<b>L</b>	<b>V</b>
<i>Hlustun</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <p>Skilið talmál sem notað er í kennslustofunni</p> <p>Fylgt einföldum frásögnum af myndum eða hlutum og notað upplýsingarnar í eigin verkefnum.</p> <p>Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum sem er kunnuglegt úr heimi barna.</p>			
<i>Lesskilningur</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <p>Skilið stuttar einfaldar frásagnir t.d. af myndum og miðlum.</p> <p>Skilji einföld orð úr daglegu líf barna.</p>			
<i>Samskipti</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <p>Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur næst.</p> <p>Skipst á upplýsingum við skólasystkini um efni tengt náminu.</p> <p>Tekið þátt í samskiptaleikjum og samtalsæfingum.</p>			
<i>Frásögn</i>	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p>			

	Sagt frá og lýst sjálfum sér á einfaldan hátt.			
<i>Ritun</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> Skrifað einfaldan orðaforða úr ákveðnum efnisflokkum. Skilað einföld skilaboð.			
<i>Menningarlæsi</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> Þekkt á korti landfræðilega legu enskumælandi landssvæði. Þekkt nokkra algenga leiki og söngva viðkomandi málsvæðis. Sýnt fram á að hann átti sig á að mörg algeng orð í ensku eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.			
<i>Námshæfni</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu. Geti hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.			

## Náttúrugreinar

### Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

<b>Efnispættir:</b>	<b>Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum</b>	<b>P</b>	<b>L</b>	<b>V</b>
<i>Geta til aðgerða</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra. Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því. Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.	X X	X X	X X
<i>Nýsköpun og hagnýting þekkingar</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> Komið auga á þarfir og vandamál í sínu umhverfi. Bent á störf sem krefjast sérþekkingar.	X X	X X	X
<i>Gildi og hlutverk vísinda og tækni</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> Geta miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum í máli og myndum. Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum. Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra. Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.	X X X	X X X	
<i>Vinnubrögð og færni</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðu. Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.	X X	X X	

	<i>Skráð atburði og athuganir s.s með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.</i>	X	X	X
	<i>Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.</i>	X	X	X
	<i>Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.</i>		X	X

<b>Efnispættir:</b>	<b>Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum</b>	<b>B</b>	<b>L</b>	<b>V</b>
<i>Ábyrgð á umhverfinu</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi: Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru virðingu. Skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð. Nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einstaklingslega og í hóp. Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns. Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.</i>	X	X	X
<i>Að búa á jörðinni</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi: Lýst landnotkun í heimabyggð. Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.</i>	X	X	
<i>Lífsskilyrði manna</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi: Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans. Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns. Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu. Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi, hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi.</i>	X	X	X
<i>Náttúra Íslands</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi: Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi. Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu. Útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðanda.</i>	X	X	
<i>Heilbrigði umhverfisins</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi: Fjallað um samspil manns og náttúru. Flokkað úrgang.</i>	X	X	X
<i>Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu</i>	<i>Við lok árgangs geti nemandi: Flokkað gerviefni og náttúrleg efni. Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara og erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.</i>	X	X	X

# Samfélagsgreinar

## Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum	P	L	V
	<b>Reynsluheimur</b> <i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,		X	X
	átta sig á tengslum valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu,	X	X	
	átta sig á tengslum valinna þátta í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélaginu,	X	X	
	lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga,	X	X	
	sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi,	X	X	
	sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir,	X	X	
	bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi,	X	X	
	gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni,	X	X	
	áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra,	X	X	
	komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga,	X	X	
	þekkja gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú,	X	X	
	sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar,	X	X	
	þekkja dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum,	X	X	
	áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum,	X		
	velt fyrir sér spurningum sem tengjast trú og breytni,	X	X	

<p>sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu,</p> <p>áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa,</p> <p>komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið,</p> <p>áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna,</p> <p>bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu,</p> <p>bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins,</p> <p>áttað sig á gildi samhjálpar í samfélaginu,</p> <p>varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.</p>	X	X	
<p><b>HUGARHEIMUR</b> <i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <p>bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig,</p> <p>bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim,</p> <p>bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann,</p> <p>áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði,</p> <p>gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti,</p> <p>Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, Jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans,</p> <p>gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.</p>	X	X	X
<p><b>FÉLAGSHEIMUR</b> <i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <p>sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,</p> <p>áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna,</p> <p>sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar og nefnt dæmi um slíkar reglur.</p> <p>sett sig inn í málefni nærsamfélagsins,</p>		X	X

sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.		X	

## Upplýsinga- og tæknimennt

### Viðmið um námshæfni í upplýsinga- og tæknimennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í upplýsinga- og tæknimennt	P	L	V
<b>Vinnulag og vinnubrögð</b>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms,</li> <li>nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag,</li> <li>sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn,</li> <li>gert sér nokkra grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,</li> <li>beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.</li> </ul>	X	X	
<b>Upplýsinga-öflun og úrvinnsla</b>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu,</li> <li>nýtt rafrænt og gagnvirk tæknisefni,</li> <li>nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna,</li> </ul>	X	X	X
<b>Tækni og búnaður</b>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna,</li> <li>notað einfaldan hugbúnað/ forrit við myndvinnslu,</li> </ul>	X	X	
<b>Sköpun og miðlun</b>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.</li> </ul>	X		X
<b>Siðferði og öryggi</b>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun.</li> </ul>	X		X

# Heimilisfræði

## Viðmið um námshæfni í heimilisfræði

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í heimilisfræði	P	L	V
Matur og lífshættir	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti</li> <li>útskýrt mikilvægi fæðuhringsins</li> <li>valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan,</li> <li>farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif</li> </ul>	X		X
Matur og vinnubrögð	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir,</li> <li>farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld,</li> <li>sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi,</li> <li>gengið frá eftir sig</li> <li>geti unnið í hóp, sýnt öðrum tillitssemi og virðingu.</li> </ul>	X	X	
Matur og umhverfi	<p><i>Við lok árgangs geti nemandi:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>skilið einfaldar umbúðamerkingar</li> <li>geri sér grein fyrir mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna.</li> </ul>	X X		
Matur og	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i>			

menning	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti haldið uppi jákvæðum samræðum við borðhald</li> <li>• geti tjáð sig um helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.</li> </ul>	X	X	X
---------	---	---	---	---

## Hönnun og smíði

### Viðmið um námshæfni í hönnun og smíði 3. bekk.

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í Hönnun og Smíði.	P	L	V
Handverk:	Við lok árgangs geti nemandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>• valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan þátt.</li> <li>• gert grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með.</li> </ul>	X		
Hönnun og tækni:	Við lok árgangs geti nemandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>• dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.</li> <li>• unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.</li> <li>• framkvæmt einfaldar samsetningar.</li> <li>• bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi.</li> </ul>	X	X	
Umhverfi:	Við lok árgangs geti nemandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.</li> <li>• beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.</li> </ul>		X	X

# Sjónlistir

## Viðmið um námshæfni í sjónlistum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í sjónlistum	P	L	V
	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.</li> </ul>	x	x	
	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.</li> </ul>		x	
	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.</li> </ul>	x	x	
	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.</li> </ul>	x	x	x
	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.</li> </ul>	x		
	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>fjallað um eigin verk.</li> </ul>	x	x	
	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt.</li> </ul>	x		
	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.</li> </ul>	x		
	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans.</li> </ul>	x	x	x

# Textílmennt

## Viðmið um námshæfni í textílmennt 3.bekkur

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í textílmennt	P	L	V
<b>Handverk, aðferðir og tækni</b>	<i>Við lok árgangs geti nemandi:</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</li> <li>unnið úr nokkrum gerðum textílefna</li> <li>unnið eftir einföldum leiðbeiningum</li> </ul>	x	x	
		x	x	
		x	x	x

<b>Sköpun, hönnun og útfærsla</b>	<p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</li> <li>skreytt textílvinnu á einfaldan hátt</li> <li>gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</li> <li>leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum</li> </ul>	X	X	X
<b>Menning og umhverfi</b>	<p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt</li> <li>sagt frá nokkrum tegundum textílefna</li> <li>fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna</li> <li>notað ný og endurunnin efni í textílvinnu</li> </ul>	X	X	X

## Tónmennt

### Viðmið um námshæfni í tónmennt

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir:	Viðmið um námshæfni í tónmennt	P	L	V
	<p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpum og hlustun.</li> </ul>			
	<p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna.</li> </ul>			
	<p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri eða önnur skólahljóðfæri.</li> </ul>			
	<p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt.</li> </ul>			
	<p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.</li> </ul>			
	<p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Leikið einföld lög á blokkflautu.</li> </ul>			

# Skólaíþróttir

## Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnispættir: <b>Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum</b>	<b>Þ</b>	<b>L</b>	<b>V</b>
<p><b>Líkamssvitund, leikni og afkastageta.</b></p> <p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Gert æfingar sem reyna á þol,</li> <li>Gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi,</li> <li>Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu,</li> <li>Sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum,</li> <li>Tekið þátt í stöðluðum prófum,</li> <li>Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni. Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksunds- og skriðsundsátök með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.</li> </ul>		X X X X X X	
<p><b>Félagslegir þættir</b></p> <p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum,</li> <li>Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum,</li> </ul>	X X		X X
<p><b>Heilsa og efling þekkingar</b></p> <p>Við lok árgangs geti nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun,</li> <li>Útskýrt líkamlegan mun á kynjum, notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu,</li> <li>Þekkt heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka og hreyfinga,</li> <li>Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum, tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum,</li> </ul>	X X X X		X X

<b>Öryggis og skipulagsreglur</b>			
Við lok árgangs geti nemandi:			
<ul style="list-style-type: none"> <li>Farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.</li> </ul>	X	X	

## Grunnpættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnpætti menntunar í 3. árgangi:

<b>Grunnpáttur</b>	<b>Áherslupættir grunnpátta menntunar</b>
<b>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Göngum í skólann</li> <li>Lífshlaupið,</li> <li>Hreyfileikir bæði inni og úti</li> <li>H-in 6. Kynning frá heilsugæslu.</li> <li>Ávaxtabiti – lögð er áhersla á að nemendur komi með hollt nesti eins og ávexti og grænmeti</li> <li>Uppbyggingarstefnan – byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla samskipti með ýmis konar hópavinnu.</li> <li>Heilsueflandi grunnskóli – lögð er áhersla á hreyfingu, svefn, mataræði og geðheilbrigði – unnin eru ýmis verkefni með nemendum</li> <li>Umferðarfræðsla</li> </ul>
<b>JAFNRÉTTI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Uppbyggingastefnan – allir eru jafnir og hafa sömu tækifæri, ólíkar þarfir hvers og eins</li> <li>Sjálfsmat – frammistöðumat/leiðsagnarmat.</li> <li>Trúarbrögð og menning, kynning á helstu trúarbrögðum og lífsskoðunum.</li> <li>Barnasáttmálinn – unnin eru verkefni sem tengjast málefnum.</li> </ul>
<b>LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Uppbyggingastefnan - lögð er áhersla á jákvæð samskipti þar sem nemendur læra að þekkja sjálfa sig og að setja sig í spor annarra.</li> <li>Kynning á lýðræðishugtakinu og hvað eru mannréttindi.</li> <li>Enginn er eins en allir hafa sama rétt.</li> <li>Kosningar um það sem snertir nemendur.</li> <li>Barnasáttmálinn</li> </ul>
<b>LÆSI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leið til læsis, PALS, yndislestur, heimalestur, samlestur,</li> <li>söngstund,</li> <li>lestrarátak</li> <li>talnalæsi í stærðfræði</li> <li>sögugerð</li> <li></li> </ul>
<b>SJÁLFBÆRNI:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skóli á grænni grein</li> <li>Flokkun pappírs</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"><li>• Lífræn flokkun sorps</li><li>• Umgengni í umhverfi okkar</li><li>•</li></ul>
SKÖPUN:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla lögð á list- og verkgreinar</li><li>• Áhersla lögð á fjölbreyttar útfærslur á verkefnum</li></ul>